



Einelti – viðbragðsáætlun í eineltismálum sem **nemendur** verða fyrir

Hvað er einelti?

Einelti er ofbeldi sem aldrei er réttlætanlegt. Talað er um einelti þegar einstaklingur verður fyrir endurteknu áreiti og á erfitt með að verjast því. Sá sem er sterkari, árásgjarnari og frakkari níðist á þeim sem er líkamlega/félagslega veikari. Gerandinn misbeitir valdi gegn þólandanum.

(Heimili og skóli, www.heimiliogskoli.is; sótt 30. október 2009)

Hlutverk kennara og annarra starfsmanna:

Vísa grunsemdum um einelti í bekk strax til námsráðgjafa

Hlutverk nemenda:

Nemandi sem verður fyrir einelti leiti strax til námsráðgjafa

Nemandi sem verður vitni að einelti tilkynni námsráðgjafa það strax

Nemendur vísi grunsemdum um einelti í bekk strax til námsráðgjafa

Hlutverk námsráðgjafa:

Upplýsir kennslustjóra um grunsemdir um einelti

Kallar eftir skriflegum upplýsingum frá öðrum kennurum

Kallar eftir skriflegum upplýsingum frá öðrum nemendum

Vinnur úr upplýsingum

Veitir kennslustjóra skriflegar upplýsingar um hvernig mál standi

Veitir þólanda stuðning

Veitir geranda/gerendum stuðning

Hefur samband við heimili viðkomandi eftir því sem þurfa þykir

Fræðir bekk þar sem upp koma eineltismál um líðan einstaklinga

Ef um mjög alvarleg mál er að ræða þá vísar ráðgjafi málinu til rektors

Hlutverk kennslustjóra

Kennslustjóri fylgist með ferli málsins frá byrjun gegnum námsráðgjafa

Kennslustjóri upplýsir aðra stjórnendur skriflega um málið



Kennslustjóri heldur saman gögnum um málið og skráir

Upplýsir um málið eftir þörfum innan skólans og utan

Forvarnir

Fræðslufundur fyrir kennara þar sem ferli eineltismála í skólanum er kynnt

Fræðsla um einelti, hvernig það lýsir sér og hvernig má stoppa eða fyrirbyggja einelti

Um aðgang að upplýsingum um einstök mál skal farið að gildandi lögum á hverjum tíma.